



## REGLUR UM SKÓLASKTUR Í DREIFBÝLI SKAGAFJARÐAR

### 1. gr. *Gildissvið og orðskýringar*

Um skólaakstur í Skagafirði gilda Reglur um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009, með síðari breytingum.

Reglur þessar taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla.

Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla innan skólahverfis.

Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili nemenda.

### 2. gr. *Ábyrgð*

Sveitarfélagið ber kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum grunnskólanemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

### 3. gr. *Fyrirkomulag - akstursáætlun*

Daglegur skólaakstur er í samræmi við útboðslýsingu sem gerð var í apríl 2023 og er skipulagður samkvæmt skólaakstursáætlun sem sérfræðingur á fjölskyldusviði sveitarfélagsins vinnur í samráði við skólastjórnendur. Sérfræðingur leggur fram áætlun um skólaakstur við upphaf hvers skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um fjölda farþega, akstursleiðir, tímasetningar og fjölda akstursdaga á skólaárinu. Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur. Skólastjórnendur kynna áætlunina fyrir skólaráðum grunnskólanna sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008 og skal hún vera aðgengileg íbúum á heimasíðu þeirra.

### 4. gr. *Öryggi og búnaður skólabifreiða.*

Bifreið, sem notuð er í skólaakstri, skal uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma. Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera fjarskiptabúnaður sbr. 5. gr. reglna um skólaakstur nr. 659/2009.

- Bifreið skal vera snyrtileg að innan sem utan
- Bifreið skal vera merkt skólaakstri að framan og aftan
- Bílbelti skulu vera í öllum sætum
- Slökkvitæki, neyðarhamar og sjúkrakassi skulu vera í bifreið
- Bifreið skal vera með gilda skoðun
- Hjólbarðar verða að standast kröfur um mynsturskýpt
- Bifreiðar skulu vera með ljóskastara til beggja hliða sem bifreiðastjóri getur stjórnað úr sæti sínu

Bifreiðastjóri leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, þ.e. hvort breyta þurfi út frá fyrirliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Vísað er til skilgreiningar Vegagerðarinnar á varúaðarviðmiðum vegna vinds fyrir stór ökutæki sem fylgja með reglum þessum sem viðauki nr. 1. Tilkynna ber um slíkar breytingar án tafar til skólans.

Fræðslunefnd Skagafjarðar metur hvort þörf sé á gæslumanni í skólabifreið með hliðsjón af öryggi, fjölda nemenda, aldri og samsetningu nemendahópsins sem ferðast með bifreiðinni, vegalengd og öðrum aðstæðum, óski skólastjóri þess.



Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að láta taka skólabifreið út á hverju skólaári með tilliti til þessara reglna og viðeigandi ákvæða í útboðslýsingu.

## **5. gr. Um skipulag skólaaksturs**

Sveitarfélagið skipuleggur skólaakstur í dreifbýli þar sem nemendur eiga lögheimili og útveggar viðeigandi akstursþjónustu. Ekki er greitt fyrir skólaakstur þeirra barna sem hafa lögheimili innan við 1,5 km frá skóla. Undantekning getur verið á ákvæði þessu sem metið er í hverju tilviki fyrir sig í byrjun skólaárs. Greiðslur fyrir skólaakstur frá lögheimili að sérleiðum hefjast eftir 1,5 km frá lögheimili. Eftir því sem við á fylgja foreldrar/forsjarmenn börnum sínum að bíl og taka á móti þeim eftir skóla. Við vissar aðstæður er heimilt að semja við forráðamenn nemenda um þátttöku þeirra í skólaakstri gegn greiðslu. Þetta á fyrst og fremst við þegar heimili nemanda er langt frá leið skólabíls og foreldrar geta keyrt barnið í veg fyrir skólabílinn.

Greitt er fyrir ekna kílómetra og hefst hver akstursleið þegar fyrsti nemandi kemur í bifreiðina og lýkur þegar síðasti nemandi fer úr bifreiðinni. Ekki er greitt fyrir annan akstur bifreiðastjóra, s.s. að og frá heimili. Skólaakstur fellur niður þegar skóli starfar ekki og koma þá engar greiðslur fyrir þann tíma. Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er. Virða ber ákvarðanir skólayfirvalda um tímasetningar skólabíls. Skólastjóri eða staðgengill hans tilkynnir bifreiðastjóra um frávík frá venjubundinni ferðatilhögun og/eða tímasetningu jafnskjótt og slíkar ákvarðanir liggja fyrir. Skólastjóri, í samvinnu við bifreiðastjóra, tekur ákvörðun um tímasetningu bifreiðar við hvern bæ á akstursleið og skal hún aðgengileg á heimasíðu viðkomandi skóla. Foreldrar/forsjarmenn láta bifreiðastjóra og skóla vita eins fljótt og hægt er ef þeir meta það svo að þeir vilji ekki senda börnin af stað vegna veðurs, frís eða forfalla.

Daglegum skólaakstri ber að haga með þeim hætti að nemendum sé ekið heim sem fyrst eftir að lögbundnum skóladegi lýkur. Nemendur eru sóttir á sérmerkt stæði á skólalóð. Miða skal við að daglegur heildartími skólaaksturs, að meðtöldum biðtíma, sé að jafnaði ekki lengri en 120 mínútur.

Skólastjóri skal semja sérstaklega um allan aukaakstur svo sem vegna félagsstarfa og vettvangsferða og hefur heimild til að leita hagstæðasta tilboðs hverju sinni hjá þar til bærum aðilum.

Ekki er heimilt að taka aðra farþega í bílinn en grunnskólanemendur, svo sem börn í leikskóla, nema með sérstöku samþykki fræðslunefndar.

## **6. gr. Bifreiðastjóri**

Skagafjörður semur við verktaka um framkvæmd skólaaksturs. Skólastjóri viðkomandi skóla er yfirmaður bifreiðastjóra að því leyti sem það varðar daglegt fyrirkomulag aksturs og umsjón nemenda í skólaakstri. Bifreiðastjóri skólabifreiða skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Bifreiðastjóri skal skila inn heilsufarsvottorði í upphafi hvers skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um aðstæður sem haft geta áhrif á aksturshæfni bifreiðastjóra. Bifreiðastjóra er með öllu óheimilt að nota farsíma meðan á akstri stendur. Skylt er að upplýsa skólastjóra, með hæfilegum fyrirvara, ef skipt er um skólabílstjóra. Vegna skyndilegra forfalla og afleysinga bifreiðastjóra ber að tilkynna þau til skólastjóra eins fljótt og auðið er. Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann, sbr. ákvæði 5. greinar, sem hlotið hefur refsíðom fyrir brot á



ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við gerð samnings um akstur skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra eða fræðslustjóra til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 3. mgr. 11 .gr. laga nr. 91/2008.

## **7. gr. Öryggi farþega**

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og hann skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt.

Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabifreið. Bifreiðastjóra er með öllu óheimilt að bakka á biðstöð skólalóðar. Í þeim tilvikum þar sem bifreiðastjóri getur ekki ekið að heimreið og börn þurfa að fara yfir veg, útvegar sveitarfélagið þeim börnum endurskinsvesti eða annan búnað sem hægt er að nota við slíkar aðstæður. Bifreiðastjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki ef aðstæður eru með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar. Ekki er heimilt að skilja börn eftir ein í vondum veðrum.

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. laga um grunnskóla. Bifreiðastjórar/verktakar skulu sýna trúnað um öll mál er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og snerta einstaka nemendur, foreldra þeirra eða aðstandendur. Komi upp vandamál í skólabíl svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bifreiðastjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að tilkynna það skólastjóra án tafar.

## **8. gr. Um meðferð ágreiningsmála**

Telji foreldrar einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttingar hjá skólastjóra, fræðslustjóra og fræðslunefnd. Áskilinn er réttur sveitarfélagsins til að rifta samningi verði bifreiðastjóri uppvís að brotum á samningum eða reglum þessum.

Að öðru leyti vísast í reglur Mennta- og menningarmálaráðuneytis um skólaakstur nr. 656/2009. Einnig er bent á reglur sveitarfélagsins um skólasókn í öðru skólahverfi í Skagafirði sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins

*Reglur þessar voru samþykkar í sveitarstjórn þann 10. maí 2023.*

*One 2304146*